

Hið góða, hið illa og það ljóta

Bókmenntir
Skafti P. Halldórsson

Illugi Jökulsson. Fógetavald. Skáldsaga. Iðunn. 1991.

Fógetavald nefnist fyrsta skáldsaga Illuga Jökulssonar. Bókin er 212 blaðsíður. Hér er á ferðinni raunsæisleg frásögn úr sjávarþorpi. Aðkomumaður kemur í þorpið og veður tortryggni þorpsbúa. Í ljós kemur að fyrirætlanir hans eru ískyggilegar. Hann hyggst myrða illræmdan mann sem von er á að taki við

yfirstjórn frystihússins í þorpinu.

Þessi granni söguþráður þegar vitaskuld varla hálfra söguna um efni bókanna. Frásagnaraðferð Illuga er nokkuð hefðbundin. Hann notar sögumann til að segja söguna. Sá er fógetinn á staðnum, Jónas Lárússon.

Það er athyglisvert hversu margir íslenskir rithöfundar út frá sjónarhóli embættismanna, presta, sýslumanna og fógeta. Það er raunar ekki fráleitt að segja að slíkar sögur myndi sjálfstæða bókmenntagrein hér á landi innan geira sakamálasagna. Ástæða

þessa vals á sjónarhorni er vafalítið sú að með því móti geta höfundar sameinað þá góðu yfirsýn yfir viðfangsefnið sem yfirvaldið hefur vegna afskipta sinna af þeim glæpum sem eru tilefni sögunnar og ákveðna fjarlægð frá því sem byggist á stéttarmun.

Illugi notar sér þetta að nokkru leyti. Jónas fógeti lætur óspart í ljós skoðanir sínar á mönnum og málefnum og frásögn hans af atburðum er oft ágætlega útúrdúrasöm. En með þeim útúrdúrum er leitast við að draga upp mynd af þorpsbúum og einstaklingssögu þeirra. Þannig fáum við hæg og hægt mynd af þorpsbyggðinni.

Allmargar persónur koma við sögu og einn helsti kostur sögunnar er fundvísir höfundar á persónu-einkenni sem gera þær eftirminnilegar. Rúna á símanum veit allt um alla í þorpinu, Ásdís, kona fógetans, er hrollvekjufull, Friðrik vélamaður er ekki bara barnslegur í hugsun heldur er hann eins og risavaxið barn í vexti og svona



Illugi Jökulsson

mætti lengi telja.

Jónas fógeti er önnur aðalpersóna sögunnar. Hann er metnaðarlaus maður og kominn af allra léttasta skeiði. Hans hugsjón í lífinu er að forðast öll vandræði. Sjálfmynd hans er fremur veik. Hann er t.a.m. við og við að upphuga brandara sem hann heykist síðan á að segja eða lætur þá frá sér fyrir daufum eyrum.

Hin aðalpersóna sögunnar er Guðleifur Jónsson. Hann er miðaldra leigubílstjóri fyrir sunnan sem býr einn. Þetta er maður lítilja sanda en nótt eina tekur hann upp á sína arma eiginkonu eins mestá illmennis landsins, Vilhjálms Ágústssons Þóroddssonar, sem ættaður er frá þorpi fógetans, og hafði hann hrakið konuna að heiman. Guðleifur verður ástfanginn af henni. Þegar Vilhjálmur eða Villi Tóta, eins og þorpsbúar nefna hann, tælir konuna til sín aftur fyllist Guðleifur hatri. Hann hyggst skjóta illmenninu sem nú er á leið í þorpið til að taka við

rekstri frystihússins. Hér eru því aðstæður því líkastar sem við þekjum úr bíomýndum úr villtra vestrinu. Það er varla tilviljun að Illugi lætur ungan þorpsbúa nefna fógetann sheriff.

Meginviðfangsefni bókanna er raunar af siðferðislegum toga spunníð. Jónas á sjálfur harma að hefna gagnvart Villa Tóta því að skálkurinn hafði stungið undan honum í æsku og skilið æskuástvinuna eftir í sárum sem aldrei gréru. Af þeim sökum tekur Jónas að velta fyrir sér hvort slíkt dráp geti verið réttlætandi. Að vísu kemur hann í veg fyrir með fógetavaldi sínu að Guðleifur drepi Villa Tóta. En eftir þessu spurðingun um réttmætti þess enda er okkur gefið í skyn að Villi muni kremja þorpsbúa undir hæl sínum. Er þá fógetavaldið til að vernda slíka menn eða eiga menn þess að virkja hatu sitt gegn þeim?

Í sjálfu sér eru spurningar þessar fyllstu athygli verðar. Hins vegar finnast mér efnistök höfundar þegar að þessum þætti sögunnar kemur full óljós og fljóandi. Þau eru raunar helsti veikleiki hennar. Þannig verður illmennska Villa Tóta aldrei nógu sannfærandi og áþreifanleg til að slíkar spurningar þrenni á okkur. Margir fara illa með aðra menn án þess að við óskum þeim dauða. Þar að auki er Guðleifur Jónsson það lítil bógur að lesandi á alla tíð bág með að trúna að hann þori að drepa Villa Tóta hvað þá að hann hafi nógu sannfærandi tilefni til þess.


Þrátt fyrir þessa veikleika sögunnar er hér á ýmsan hátt vel af stað farið. Sagan er læsileg, frásagnargleðin mikil og textinn sjálfur býsna góður. Illugi kann töluvert fyrir sér í fimeikum orðsins. Persónur eru margar athyglisverðar og þá er höfundur fundvísir á ýms smáatriði og sköndin tilvik sem gera skáldsögu skemmtilegar.

Bráðhressir bændur

Bókmenntir
Sigurjón Björnsson

Helgi Bjarnason: Bændur á hvunn dagsfötum, III. bindi. Hörpuútgáfan 1991, 172 bls.

Þetta er þriðja og síðasta bindið í ritsafni sem hefur að geyma viðtal við bændur. Alls hefur verið rætt við fimmtán manna. Í þessu bindi eru viðtölin fjögur. Rætt er við Egil Ólafsson bónda á Hnjóti í Örlygshöfn, Eirik Sigfússon bónda á Einarstöðum-Sílastöðum í Glæsi-bæjarhreppi, Björn Sigurðsson bónda í Úthlíð í Biskupstungum og Egil Jónsson bónda og alþingismann á Seljavöllum í Nesjareppi. Öll eru viðtölin af svipaðri lengd, 35-40 bls. Mikil er af myndum í öllum þáttum og hafa margar þeirra verið teknar vegna þessarar bókar. Hefur höfundur tekið þær myndir sjálfur. Þess má geta að í öllum tilvikum er þúgjöld viðmælanda greinilega sýnd á korti. Hver þáttur hefst á um það bil einnar bls. kynningu höfundar, auk þess sem innrömmuð eru helstu kennimerki hvers viðmælanda undir fyrirsögninni: Hver er maðurinn? (Nafn, heimili, fæðingardagur og ár, menntun, störf, félagsstöf, heimilis-hagir). Síðan hefst viðtölin eða frásögnin sem er í fyrstu persónu og skipt í smáþætti með millifyrirsögunum. Höfundur hefur þannig gengið afar skipulega til verks og unnið það af góðri og vandaðri fagmennsku og skemkvísi. Er vant að



Helgi Bjarnason

sjá að miklu betur sé hægt að gera.

Ólíkir eru þessir fjórir bændur sem við er rætt og hver er af sínu landshorni. En margt eiga þeir þó sameiginlegt. Allir eru þeir hörkuduglegir, ódeigir og óvílsamir enda liggur mikið eftir þá. Þeir eru allir um og yfir miðjum aldri. Þeir hafa stundað búskap um árabil í mikilli reisu, en allir eiga þeir jafnframt önnur hugðarefni. Einn er fræðagrúskari og hefur komið upp merku byggðasafni. Annar hefur gegnt forystu í sveitarmálum, verslunar- og markaðsmálum. Sá þriðji er

frumkvöðull að ferðaþjónustu bænda og hefur komið upp mikilli sumarhúsabyggð og sá fjórði gefur sig að stjórnmálum og þjóðmálum.

Það er reisin yfir þessum mikilhæfu mönnum, heilbriggt stolt yfir vel unnum verkum. Þetta er því hressandi lestur. Þetta eru menn sem lifa í verkum sínum, eru þar allir af lífi og sál, fjarri öllu dapurlegu sálargrúski, enda þurfa þeir þess ekki með. Suma þessa menn þekki ég raunar persónulega og hef átt við þá góð og skemmtileg samskipti. Því veit ég að sú mynd sem hér er af þeim dregin er sannferðug.

Ánægju hafði ég af lestri þessarar bókar og þykir hún holl og uppörvandi lesning á þessum tímum barloms og svartstýni.

„Keramískskúlptúr“

Myndlist
Bragi Asgeirsson

Listakonan Borghildur Óskarsdóttir hefur á undangengnum árum vakið á sér athygli fyrir samfelld og markviss vinnubrögð á því sérstaka sviði sem hún hefur haslað sér völd, og hefur verið nefnt keramikskúlptúr.

Er þá um að ræða, að forma og móta í leir eftir frjálsu hugarflugi, breanna svo við ákveðið hitastig, þannig að þótt gerendur hafi hinar hefðbundnu markmiðum listgreinarinnar og öllu notagildi fullkomlega, þá eru þeir sjálfa vinnsluferlinu trúir.

Borghildur kemst á þennan hátt eins nærri því að vinna sem frjálshöfundur skúlptúrlistamaður og hugsast getur og er næsta fátt skylt með verkum hennar og hefðbundinni leirlist, fyrir utan það að hún bætir sums staðar við steyptu gleri.

Hin síðari ár hefur Borghildur tekið að helga sig listsköpun einvörðungu og á tímabilinu hefur hún tekið þátt í fjölda sýninga víða um heim og hefur list hennar m.a. verið kynnt í víðlesnum fagblöðum.

Er svo er komið, er raunar margt það í leirlist orðið næsta algengt, sem stakk mjög í stúf fyrir nokkru áratugum og rataði á listiðnaðarsöfn fyrir nýstárleika og óvenjulega meðhöndlun efnivíðarins. Menn voru þá ekki vanir því að hið hefðbundna lögmál notagildisins væri brotið, en í dag er þetta kennsluáferð í listaskólum og iðkað af fjölmörgum, en á Norðurlöndum þó aðallega konum að ég best veit, og þó getur aðferðin átt einkum þátt í kvennalist.

En nú, þegar óvenjuleg meðhöndlun efnivíðarins er orðin að harla hversdagslegri athöfn innan keramik- eða leirlistarinnar, þá gera menn að sjálfsgöðu mun meiri kröfur til listrænnar úrfærslu og það er í þeirri hringiðu sem Borghildur hrærist um þessar mundir.

Maður getur og séð það á verkum hennar, að hún er sér þess fyllilega meðvitandi og hefur markað sér þá stefnu, að aðlaga list sína nútíma hugsun í almennum skúlptúr, en vera þó trú hinni upprunalegu vinnsluáferð. Jafnframt leggur Borghildur mikla áherslu á uppsetningu sýninga sinna, svo að jafnvel má jafna við hinar svokölluðu innsetningar (Installation). Form tekur við af formi og afstaða hvernar einingar ræður staðsetningu annarrar. Og þótt slíkt væri einnig gert hér áður fyrir er þetta meira meðvitandi sem lífræn sköpun.

Fyrir mitt leyti þá finnst mér Kjarvalsstaðir ekki sérlega vel fallnir fyrir innsetningar nema með ærnum tilkostnaði, sem einstaklingar ráða naumast við og einkum á hið gljáandi parketgól mikinn þátt í því.

Þannig njóta verk Borghildar sín að minnu viti hvergi nærri nógu vel í Austursalnum, þar sem þau eru staðsett, og auk þess ertir hið freka loft, sem trónir yfir einföldum og vinalegum skúlptúrverkunum sjóntaugarnar. Þá er lýsingin hvergi nærri nógu góð og sveigjanleg fyrir skúlptúrverk af þessari gerð. Hér skiptir nefnilega öllu máli að allt leggist á eitt og að hvert verk og um leið heildin fái notið sín, styrki hvert annað svo að úr verði rismikill samhljómur.

Borghildur beitir mjög öguðum vinnubrögðum og auðséd er að hún þekkir miðil sinn fram í fingurgóma



Borghildur Óskarsdóttir

og reynir til hins ýtrasta að ná sterkum heildaráhrifum úr hverju verki fyrir sig, þrátt fyrir að hún seti sér ströng takmörk um formræna útfærslu.

Það eru 25 verk á sýningunni, flest á gólfi, og hlykkjast þau á ýmsa vegu, oftast aflöng, sum opin en önnur lokuð og svo kemur steypta glerið sem virkar stundum eins og loftkennd augu er rýna út í tómið t.d. í samstæðunni „Stafur“ (4 og 5). Verkin sem mér þóttu skila sér best við þessar aðstæður voru þó súlurnar, er minna á einfalt „tótum“ og t.d. 7 og 17, en þó einkum 19, sem er þeirra svipmest ásamt því að lýsingin gengur hér upp og styrkir verkið.


Í heild staðfestir sýningin styrk Borghildar sem framsækings lista-manns á þroska- og framabrot.

Bók efir Gunnar Þorsteinsson

ÚT ER komin hája Ísafold bókin Spádómarnir rætast eftir Gunnar Þorsteinsson.

Í kynningu útgefanda segir: „Í bókinni lýsir höfundur því hvernig spádómar Biblíunnar eru sífellt að rætast í kringum okkur og hvernig allt ber að sama brunni, nýrri heimsskipan. Þjóðir heims ríða á barmi gjaldþrots, hvarvetna ríkir öngþveiti og upplausnarástand. Þjóðir heims bíða lausnara ... Handan við hornið vökir Antí-Kristur og bíður þess að taka við heimsyfirráðum.“

Í bókinni leitar höfundur svara við ýmsum spurningum: Hvert er hlutverk Evrópubandalagsins? Ryður það kannski brautina fyrir komu Antí-Krists? Hvað er burthrifning? Hvað er Harmagedón? Er sviðið sett fyrir komu Antí-Krists? Á kannski aðeins eftir að draga frá tjöldin?”



Gunnar Þorsteinsson